Fimmtudaginn 19. september 1996.

Nr. 215/1996. **Þrotabú Stanza hf.**
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)
gegn
Atla Ísakssyni
Steinunni Ingu Ólafsdóttur
Víkurlyftum hf.
Eyjólfi Baldurssyni
(Andri Árnason hrl.) **og**
Guðlaugi R. Jóhannssyni
(Valgeir Kristinsson hrl.)

Málskostnaðartrygging.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. júní 1996. Með bréfum 11. og 15. júlí 1996 var þess krafist af hálfu stefndu Víkurlyftna hf., Eyjólfs Baldurssonar og Guðlaugs R. Jóhannssonar, að áfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu, að fjárhæð 300.000 krónur eða lægri fjárhæð að mati réttarins.

Áfrýjandi krefst þess, að kröfu stefndu verði hafnað.

Rök stefndu eru þau, að áfrýjandi sé eignalaust þrotabú, og hafi skiptafundur ekki samþykkt ábyrgð á kostnaði af áfrýjun málsins. Lögmaður áfrýjanda hafi lýst yfir því fyrir Héraðsdómi Reykjaness í héraðsdómsmálinu nr. 370/1996, að engar eignir væru til í þrotabúi áfrýjanda nema kröfur, sem innheimta þurfi með málsókn, en í því máli hafi áfrýjanda verið gert að leggja fram málskostnaðartryggingu, að fjárhæð 50.000 krónur. Séu líkur á, að áfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Reisa stefndu kröfu sína á b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af hálfu áfrýjanda er kröfu stefndu mótmælt með þeim rökum, að málsókn áfrýjanda sé beint að stjórn hlutafélagsins Stanza hf. og löggiltum endurskoðanda þess, sem beri ábyrgð á rekstri félagsins samkvæmt lögum um hlutfélög. Sé rétt, að slíkir trúnaðarmenn hlutafélags, sem orðið hefur gjaldþrota, beri sjálfir kostnað, sem

leiðir af málsókn gegn þeim vegna starfa fyrir félagið. Ekki sé ósanngjarnt, að stjórnendur félagsins séu svipað settir með greiðslu á málskostnaðarkröfu úr þrotabúi hlutafélagsins og aðrir kröfuhafar með sínar kröfur. Líklegt sé, að málskostnaður verði felldur niður, og sé málskostnaðartrygging óþörf. Krafa stefndu um málskostnað sé forgangskrafa samkvæmt 110. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Fullt tilefni sé til þessarar málsóknar, og eigi 133. gr. laga nr. 91/1991 hér ekki við, en í greinargerð með ákvæðinu komi fram, að því sé ætlað að sporna gegn því, að eignalitlir menn geti efnt til tilgangslítilla eða tilefnislausra málaferla. Áfrýjandi hafi höfðað annað mál í héraði gegn tveimur stjórnarmönnum félagsins til greiðslu skaðabóta, og sé því ekki ljóst, hvort áfrýjandi sé eignalaus eða ekki.

Eins og atvikum máls þessa er háttað, verður áfrýjanda ekki gert að leggja fram málskostnaðartryggingu í máli þessu.

Á l y k t a r o r ð:

Kröfu stefndu Víkurlyftna hf., Eyjólfs Baldurssonar og Guðlaugs R. Jóhannssonar um málskostnaðartryggingu er hafnað.